

Fundur haldinn í framkvæmdaráði SSA, fimmtudaginn 02/08.´12, kl 12:00- á Hótel Héraði, (yfir rétti dagsins).

Nr. 6

### **Fundargerð, samkv. fyrirleggjandi dagskrá:**

Fundur settur kl. 12:15- og gengið til dagskrár, samkvæmt meðfylgjandi:

- 1. Næsti stjórnarfundur SSA:** Skoðað var með tímasetningar og varð niðurstaðan að boða næsta stjórnarfund, föstudaginn 24., ágúst á Vopnafirði, og hafa það vinnufund til afgreiðslu mála og undirbúnings fyrir aðalfund. Gert ráð fyrir kvöldv., og gistingu.
- 2. Málefni SSA & Austurbrúar:** Rætt um málefni SSA innan Austurbúar, verkaskiptingu og störf verkefnastjóra ÓÁR. Þarf að skilgreina betur og ákveða skiptingu á kostnaði.
- 3. Aðalfundur SSA, haldinn á Borgafirði eystri 14. & 15. sept.´12.:** Farið var yfir undirbúning og umfang aðalfundar, en þeirri vinnu verður stýrt af verkefnisstjóra ÓÁR, með uppl., frá BHG, eftir þörfum, og helst með aðkomu sömu aðila, með skrifstofustj., ofl. Rætt um mögulega yfirskrift fundar, t.d. „Breytt hlutverk LHS“ eða sambærilegt. Málefni/kynningar m.a.: Austurbrú ses, ESB, Sóknaráætlun landshluta, og t.d. kynning á Drekasvæði c/o Orkustofnun, ofl., umræðu vísað til stjórnarfundar.
- 4. Almenningsangöngur á Austurlandi:** Staða mála, og kynnt 2 erindi til stjórnar. Lagt til að framkvæmdaráð SSA geri tillögu til stjórnar um afgreiðslu erinda, og framhaldið. Þá var farið yfir stöðu mála vegna lögbanns SSA, og akstur á sérleyfisleið, E – Hö – E.
- 5. Almenningsangöngur í dreifbýli, „RTS“- Evrópuverkefni:** Samþykkt tillaga VOH, um að Stefán Bogi Sveinsson, muni sækja lokaráðstefnu „RTS“ í Svíþjóð, f.h. SSA., til þess að kanna m.a. um mögulegt framhald, og lærdóm af verkefninu f. Austurland.
- 6. Önnur mál.** Rætt almennt um stöður mála, m.a. hjá Austurbrú ses, og sv.félögum.

Fundi slitið kl 14:00-

Sign:

Valdimar O. Hermannsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, og Stefán Bogi Sveinsson